# Leiðbeiningar með gátt fyrir smávirkjanahugmyndir

Til þess að sækja um úrvinnslu Orkustofnunar á smávirkjanahugmynd er hugmyndinni komið á framfæri í gegnum Þjónustugátt Orkustofnunar á heimasíðu hennar os.is (sjá rauðan hring).




Þegar komið er inn á þjónustugáttina er valin valkosturinn Innskráning (rauður hringur).




Til þess að auðkenna sig er valið að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum (rauður hringur).




Þegar búið er að auðkenna sig er farið í valkostinn umsóknir (rauður hringur).




Þegar komið er inn á síðuna sem sýnir allar þær umsóknir sem í boði eru er farið talsvert neðarlega á síðuna og valkosturinn Smávirkjanir er valinn (rauður hringur).




Það fyrsta sem óskað er eftir á eyðublaðinu sem birtis er Nafn á hugmyndinni og staðsetning. Ástæða fyrir því að beðið er líka um staðsetningu er að margar ár heita sama nafni og tilhneiging er til að nota nafn árinnar sem virkjuð er sem nafn á virkjun. Í landinu eru t.d. nokkrar Þverárvirkjanir.

Nafn á hugmynd og staðsetningu mætti því setja fram sem:

Litlavirkjun – Önundarfirði

Þess er krafist að allar upplýsingar fylgi um umsækjanda eins og nafn og kennitala, heimilisfang, póstnúmer, Sveitarfélag, símanúmer og tölvupóstfang. Það er gert svo hægt sé að hafa samband ef upp koma einhverjar spurningar varðandi útfærslu á hugmyndinni.


Frumhugmynd að smávirkjun í vatnsafli

Nafn á hugmynd

Nafn á hugmynd að virkjun - Staðsetning *

Almennar upplýsingar

Nafn umsækjanda *

Kennitala umsækjanda *

Heimilisfang *

Póstnúmer *

Sveitarfélag *

Símanúmer

Farsímanúmer *

Tölvupóstfang *

Staðsetning og lýsing á virkjun

Nafn vatnsfalls *

Tegund vatnsfalls (d. dragá, lindá, jökulá) *

Staðsetning á stöðvarhúsi (x-hnit )

Staðsetning á stöðvarhúsi (y-hnit)

Staðsetning á stöðvarhúsi (° ' ") N

Staðsetning á stöðvarhúsi (° ' ") V

Staðsetning á stíflu (x-

Gefa þarf upp nafn á vatnsfallinu og tegund og mögulega getur tegundin verið blanda af dragá og lindá.

Ef þess er nokkur kostur væri æskilegt að fá upplýsingar um hnit á staðsetningu stöðvarhúsi virkjunar ef uppi eru hugmyndir um það en einnig má sýna hugmynd að staðsetningu á korti sem fylgja skal með umsókninni.

Hægt er að fá forrit á snjallsíma sem geta gefið upp staðsetningu í hnitum.

Til þess að hægt sé að staðfesta um hvaða landareign er farið fram á að gefið sé upp númer landareignar þar sem virkjunin verður staðsett en þar sem vatnsföll eru oft skil á milli landareigna,

getur þurft að gefa upp fleiri en eina landareign með númeri. Auk þess getur fyrirhuguð stífla og lón verið á öðrum landareignum og þarf þá að upplýsa það og er það gert í reitinn Vegna áhrifa (d. Stífla, stöðvarhús, lón...)




Síðan er fyrirhugaðri virkjun lýst stuttlega í texta og að lokum þarf að hengja fylgiskjöl við umsóknina.

Þar er farið fram á að skilað sé korti þar sem búið er að teikna inn staðsetningu stöðvarhúss og stíflu og mögulega fallpípu. Einnig skal skila inn ljósmynd af mögulegum stað fyrir annars vegar stöðvarhús og hins vegar stíflu eða stíflur, sem gætu verið fleiri en ein.

Til þess að hægt sé að senda umsóknina inn þarf að staðfesta að Orkustofnun hafi leyfi til að nýta upplýsingarnar til úrvinnslu á virkjanahugmynd sem verður birt í skýrslu á vef stofnunarinnar. Það er gert með því að haka í til þess gerðan reit.